

## Fréttatilkynning

Föstudaginn 26. ágúst kl. 17<sup>00</sup> verður haldinn á Lækjartorgi Friðarfundur kvenna. Þessi dagur er valinn sökum þess að þann dag kemur friðarganga kvenna til Washington í Bandaríkjunum.

Í fyrra gengu konur frá Stokkhólmi til Minsk í Sovétríkjunum og árið þar áður frá Kaupmannahöfn til Parísar. Nú hafa konurnar gengið um 500 km. vegalengd, frá New York til Washington og nú eru íslenskar konur í fyrsta skipti með í för. Eins og áður er ekki gengið til að mótmæla Atlantshafs-<sup>eða</sup> bandalaginu né Varsjárbandalaginu, né heldur ríkistjórnnum austan hafs eða vestan. Friðarganga 1983 ber fram mótmæli gegn kjarnorkuvopnum í austri og vestri, gegn kjarnorkuvopnum um allan heim, gegn staðsetningu nýrra kjarnorkuvopna í Evrópu. Krafist er stöðvunar á tilraunum, framleiðslu og dreifingu allra gerða kjarnorkuvopna. Lýst er yfir stuðningi við kjarnorkuvopnalaus svæði og þess krafist, að því gífurlega fjármagni, sem nú er varið til vopnasmíða, verði varið til að tryggja fæðu og atvinnu.

Með þessum fundi vilja íslenskar konur taka þátt í baráttu kvenna um allan heim gegn kjarnorkuvopnum og fyrir friði í heiminum.

Að fundinum standa:

Samtök um Kvinnalista

Landssamband Framsóknarkvenna

Friðarhópar Alþýðubandalagskvenna

Samband Alþýðuflokkskvenna

Kvennaframboðið í Reykjavík

Stjórn Fóstrufélags Íslands

Ávörp flytja:

Sigríður Dún<sup>a</sup> Kristmundsdóttir, Kvinnalista

Sr. Dalla Þórðardóttir

Sigrún Sturludóttir, Landssamband Framsóknarkvenna

Guðrún Helgadóttir, Friðarhópar Alþýðubandalagskvenna

Kristín Guðmundsdóttir, Samband Alþýðuflokkskvenna

Guðbjörg Linda Rafnsdóttir, Kvennaframboðið í Reykjavík

Sr. Auður Eir Vilhjálmsdóttir flytur ávarp Friðarhreyfingar

Íslenskra kvenna.

Fundarstjóri: Kristín Kvaran, Bandalagi Jafnaðarmanna